

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Gamla höfnin, Vesturbugt.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. nóvember 2013, breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar sem afmarkast af Ánanauustum í vestri og að Slippnum í austri. Í breytingunni felst hækkan á nýtingarhlutfalli ásamt breytingu á kvöðum um bílastæði. Með gildistöku þessari fellur úr gildi deiliskipulag Nýlendureits sem tók gildi 11. september 2009 og Slippa- og Ellingsenreits sem tók gildi 26. apríl 2007.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Nýlendureitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. nóvember 2013, breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reitur 1.131, sem afmarkast af Mýrargötu, Ægisgötu, Vesturgötu og Seljavegi. Í breytingunni felst m.a. afmörkun svæðis, nýjar raðhúsa- og flutningshúsalóðir vestast á svæðinu ásamt nýrri staðsetningu spennistöðvar. Með gildistöku þessari fellur úr gildi deiliskipulag Nýlendureits sem tók gildi 11. september 2009.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossagata.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 17. janúar 2014, breytingu á skilmálum deiliskipulags norðan Fossagötu. Í breytingunni felst að skilmálum fyrir bílgeymslur hvað varðar þakhalla verður breytt.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. janúar 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2014